



Alþingi
Erindi nr. **B** 126/1371

komudagur 12.3.2001

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. mars 2001

Efni: Frumvörp til laga um lax- og silungsveiði, 297. mál og 389. mál
Tilv:01020022

Búnaðarþing 2001 hefur haft til umfjöllunar tvö frumvörp um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, þingmál 297 og 389, 2000-2001.

Mál 297

Búnaðarþing leggur til eftirfarandi breytingu: Í 4. gr. frumvarpsins, lið b. komi: "1%" í stað "2%".

Mál 389

Í 2. lið 75. greinar er kveðið á um 0,25% eftirlitsgjald af brúttósöluverði framleiðslu. Þetta samsvarar nú rúmum 600 kr. á tonn af laxi og er tvímælaust óhóflega hátt auk þess að slík eftirlitsgjöld mega að jafnaði ekki vera hærri en sannanlegur kostnaður við eftirlitið. Búnaðarþing telur að taka verði þessi ákvæði til endurskoðunar.

Greinargerð:

Í 92. gr. núgildandi laga um lax- og silungsveiði er kveðið á um gjaldtöku til Fiskræktarsjóðs. Til hans greiða þau veiðifélög sem greiða arð til félagsmanna sinna. Stór hluti af fé Fiskræktarsjóðs hefur runnið til Veiðimálastofnunar síðustu árin. Þar að auki greiða félögin Veiðimálastofnun fyrir alla vinnu við vettvangsrannsóknir. Að veiðifélögin eigi þannig með tvennu móti að fjármagna rekstur ríkisstofnunar orkar mjög tvímælis og því er lagt til að lækka gjaldið um helming.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurgeir Þorgeirsson